



Heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016

AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR

2017 – 2029

Verklýsing – undirbúningur og nálgun.

Efnisyfirlit

1 Heildarendurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016.....	3
1.1 Aðdragandi.....	3
1.2 Ástæður.....	4
1.3 Tilgangur	4
1.4 Skilgreining verkefnis	4
1.5 Fyrirliggjandi stefna/markmið Aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016.....	5
1.6 Afmörkun skipulagssvæðis.....	6
1.7 Vinnutilhögun.....	6
1.8 Umfang breytinga og tímaáætlun.....	7
1.9 Áætlaður tímafjöldi.....	8
2 Helstu viðfangsefni og áherslur aðalskipulags.....	9
2.1 Byggð.....	9
2.2 Samgöngur og veitur.....	9
2.3 Umhverfi	10
3 Tengsl við aðrar áætlanir	10
3.1 Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 og nánari útfærsla á einstökum þáttum hennar	10
3.2 Svæðisskipulag	11
3.3 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	12
4 Umhverfismat	12
5 Verkpættir.....	13
5.1 Forvinna – gagnaöflun og skipulagslýsing, auk samráðs við hagsmunaaðila	13
5.2 Fyrstu drög að stefnumörkun/skipulagstillögu.....	13
5.3 Tillaga að stefnumörkun – kynning og samþykkt í sveitarstjórn.....	13
5.4 Frágangur til auglýsingar – yfirferð Skipulagsstofnunar og auglýsing tillögu	14
5.5 Lokaafgreiðsla eftir auglýsingu	14
5.6 Flokkun landbúnaðarlands.....	15
5.7 Auðlindir.....	15
5.8 Náttúruvá	15
6 Kynning og samráð.....	15

1 Heildarendurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 – 2016 var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann 27.01.2009 og staðfest af umhverfisráðherra þann 24.08.2009. Frá gildistöku þess hafa ákveðnar forsendur breyst og nýjar áskoranir litið dagsins ljós en núgildandi skipulag gerir t.a.m. ekki ráð fyrir tilteknum framkæmdum sem nú eru í undirbúningsferli. Það er því ljóst að ýmislegt er ábótavant í skipulaginu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar lagði til við sveitarstjórn á fundi sínum þann 5. júlí 2018 að hefja vinnu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar og samþykkti sveitarstjórn bókun umhverfis- og skipulagsnefndar þann 12. júlí 2018.

1.1 Aðdragandi

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem taka skal til alls lands innan marka tiltekins sveitarfélags. Um er að ræða stefnuyfirlýsingu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar innan sveitarfélagsins.

Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest, hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sem þýðir að framkvæma þarf ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags. Með hliðsjón af nýrri löggjöf mun Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 – 2016 breytast m.t.t. framsetningar og efnistaka. Gerð aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem markmiðið er að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Auk þess verður í endurskoðun aðalskipulagsins horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru árið 2015.

Ákvörðun um endurskoðun aðalskipulags er í höndum sveitarstjórnar og í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2020 er kveðið á um að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Ákvörðun sveitarstjórnar á að jafnaði að liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar þann 12. júlí 2018 að hefja vinnu við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins.

1.2 Ástæður

Aðalskipulagsgerð er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa, þar sem heildarhagsmundir eru í fyrirrúmi, um viðfangsefni sem lúta að þróun sveitarfélagsins til lengri tíma. Því er mikilvægt að svigrúm til heildarendurskoðunar sé til staðar og að stefnumörkun sveitarfélagsins sé skýr og markviss. Tímaáætlun fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags er 2-3 ár og er mikilvægt að hefja ferlið sem fyrst.

Frá því að gildandi aðalskipulag tók gildi hefur rammi skipulagsmála tekið nokkrum breytingum með tilkomu nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og nýrrar skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Auk þess sem Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 hefur tekið gildi.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi verða nokkrar breytingar m.t.t. framsetningu og efnistöfum frá því sem sett var í gildandi Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 -2016.

1.3 Tilgangur

Tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar er að aðlag skipulagið að breyttum forsendum og skapa heildstæða umgjörð svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir. Með því að marka skýra og raunhæfa stefnu sveitarstjórnar í þessum málaflokki skapast vettvangur samvinnu og sáttar við íbúa og hagsmunaaðila gagnvart

- Samfélagi.
- Náttúru og landslagi.
- Atvinnuþróun og þjónustu.
- Félags- og velferðarmála.
- Menningu.
- Útivist.

1.4 Skilgreining verkefnis

Aðalskipulag skal ná til alls lands sveitarfélagsins og marka stefnu um framtíðarþróun þess. Aðalskipulagið skal vera grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð. Stefnumörkun í aðalskipulaginu skal spanna allt að 12 ára tímabil og skal m.a. taka til íbúaþróunar, afmörkunar svæða fyrir

íbúðabyggð, opinbera þjónustu, atvinnustarfsemi, auðlindastefnu og útivist. Ennfremur samgangna, orkuöflunar, að- og fráveitna, landnýtingar, náttúruvár, sjálfbærni, landskipulagsstefnu, loftslags, landslags, lýðheilsu, verndar vatna- og strandsvæða o.fl. Aðalskipulagið skal nýttast sem virkt stjórnþæki við ákvarðanir og áætlanagerð sveitarfélagsins um nýtingu og hverskonar ráðstöfun lands.

Fara þarf yfir forsendur gildandi aðalskipulags og meta hvort þær hafi breyst:

- Hafa efnahagslegar og samfélagslegar forsendur breyst?
- Hefur framfylgd aðalskipulagsins gengið eftir eins og að var stefnt?
- Eru nýjar áskoranir eða verkefni sem þarf að bregðast við?
- Er framtíðarsýn og helstu markmið aðalskipulagsins enn í fullu gildi?
- Kallar þróun síðustu ára á viðbrögð í aðalskipulagi?
- Hvernig hefur almennt gengið að framfylgja aðalskipulaginu?
- Er aðalskipulagið góð leiðsögn fyrir gerð deiliskipulags?
- Hverjar eru skýringar á því að ekki hefur tekist að hrinda tilteknum áformum í framkvæmd?
- Hvernig samræmist aðalskipulagið öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu?
- Hvaða áskoranir blasa við og hvernig á að takast á við þær?

Öll gögn sem notuð eru í aðalskipulagsvinnunni og afurð verkefnisins verður eign sveitarfélagsins Dalabyggðar þegar verkefninu er lokið og er sveitarfélaginu heimilt að nýta þau gögn að vild, s.s. að afhenda þau þriðja aðila.

1.5 Fyrirliggjandi stefna/markmið Aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 – 2016 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á skipulagstímabilinu. Helsta markmið skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið í nágildandi aðalskipulagi:

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingarland fyrir vöxt þéttbýlis.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orkulinda**, einkum jarðvarma.
- Að leita hagkvæmustu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

1.6 Afmörkun skipulagssvæðis

Skipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar, þ.e. til þéttbýlis í Búðardal og dreifbýlisins. Stærð sveitarfélagsins er 2421 km². Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður, einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Búðardalur er eina þéttbýlissvæðið og þar er m.a. gert ráð fyrir aukinn íbúðarbyggð í framtíðinni. Bærinn er vel staðsettur landfræðilega, miðsvæðis í sveitarfélaginu, og er stærsti hluti byggðarinnar í innan 40 km fjarlægðar frá bænum.

1.7 Vinnutilhögun

Vinna við aðalskipulagið verður á ábyrgð og forsögn sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Skipulagsfulltrúi eða annar sem tilnefndur verður í hans stað fer með verkefnisstjórn fyrir hönd verkkaupa og fer með samskipti við verktaka sem ráðinn er til verksins. Verkkaupi mun skipa starfshóp sem mun ásamt umhverfis- og skipulagsnefnd vinna að stefnumótun aðalskipulags með aðstoð verktaka en verktaki skal halda utan um og skipuleggja vinnu starfshópsins.

Verktaki skal hafa umsjón með og afla gagna vegna skipulagsgerðarinnar í samráði við skipulagsfulltrúa Dalabyggðar og starfshóp. Ákveða skal hvaða málaflokka verður lögð megináhersla á við endurskoðun aðalskipulagsins. Verktaki skal gera tillögu til skipulagsfulltrúa og starfshóps ef verktaki telur nauðsynlegt að afla frekari sérfræðilekkingar varðandi tiltekin atriðið.

Í upphafi vinnu skal samræma útlit greinargerðar í samvinnu verktaka og vinnuhóps. Verktaki setur upp greinargerðina, tekur við og samræmir gögn annarra ráðgjafa, þar sem það á við. Greinargerð skal vera þannig að auðvelt sé að setja hana upp á netinu og efni skili sér vel á þeim miðli.

Kynning og samráð skipulagstillögu skal vera í samræmi við gr. 4.2.1. skipulagsreglugerðar er varðar samráð við gerð tillögunnar. Í samráði við umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn skal leitast eftir samstarfi við íbúa, fyrirtæki og helstu hagsmunaaðila á meðan á vinnslu hennar stendur. Vinnslugögn skulu kynnt á rafrænu formi á heimasíðu sveitarfélagsins eða með öðrum viðlíka hætti og íbúum gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri með einföldum og aðgengilegum hætti. Samhliða samráði við ofangreinda aðila er skipulagstillaga unnin og uppfærð ásamt uppdráttum og stefnumörkun skipulagsins.

1.8 Umfang breytinga og tímaáætlun

Gera má ráð fyrir því að heildarendurskoðun taki tvö til þrjú ár frá upphafi vinnunnar, þar til nýtt aðalskipulag liggur fyrir og skiptist vinnan í þrjá megin verkáfanga sem hverjir um sig marka ákveðin vatnaskil í skipulagsvinnunni.

- Í **janúar 2021** er gert ráð fyrir því að leggja fram drög að skipulagstillögu á íbúafundi
- Í **ágúst 2021** er gert ráð fyrir því að tillaga að heildarskipulagi Dalabyggðar verði kynnt á íbúafundi
- Í **nóvember 2021** er gert ráð fyrir því að Aðalskipulag Dalabyggðar verði tilbúið til lögformlegrar auglýsingar.

Bjóðandi skal skila fullfrágengnu aðalskipulagi tilbúnu til samþykktar hjá Skipulagsstofnun.

Vinnan við aðalskipulagið skal vinnast á tímabilinu janúar 2020 – janúar 2022. Verkkaupi hefur skipt vinnunni í fimm verkáfanga:

1. áfangi: jan. 2020 - mars 2020 - **Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing.** Í þessum áfanga skal vinna verkþáttinn „Flokkun landbúnaðarlands“, sjá 5.6.
2. áfangi: mars 2020 - ágúst 2020 - **Undirbúningur, gagnaöflun og úrvinnsla.**
3. áfangi: ágúst 2020 - maí 2021 - **Drög að skipulagstillögu, sett fram meginstefna.**
4. áfangi: maí 2021 – sept. 2021 - **Úrvinnsla samráðs og kynninga.**
5. áfangi: sept. 2021 - jan. 2022 - **Samþykktarferli - auglýsing, kynning og afgreiðsla aðalskipulags.**

1.9 Áætlaður tímafjöldi

Tímafjöldi er m.a. háður áherslum sveitarstjórnar og því verklagi sem á að beita, s.s. við kynningu og samráð. Að auki þarf að gera ráð fyrir tímafjölda í sérfræðivinnu m.a. í tengslum við fornleifaskráningu, húsakönnun, auðlindir í ferðaþjónustu, vatnsverndarsvæði, neysluvatnsmál, vindorku, húsnaðisáætlun og jarðfræði- og snjóflóðamats.

Gróflega áætlaður tímafjöldi stakra þátta	
Vinnuferli	
Undirbúningur	30
Lýsing	100
Samráð og kynning	150
Umhverfismat	150
Samþykktarferli	50
Stakir verkþættir	
Staðhættir	20
Náttúruvá	40
Lífriki og landslag	50
Vatn, loft og hljóð	50
Óbyggð svæði	50
Byggð	200
Atvinna	200
Félags og velferðarmál	100
Útivist, opin svæði	100
Veitur og sorp	100
Samgöngur	100
Friðlönd	90
	1580

2 Helstu viðfangsefni og áherslur aðalskipulags

2.3 Byggð

- Byggðamynstur.
- Eiginleikar byggðarinnar.
- Breytingar.
- Afmörkun byggingarsvæða.
- Endurmat landnýtingar (athafna- og iðnaðarsvæði, íbúðasvæði, frístundabyggð).
- Íbúápróun og íbúasamsetning.
- Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu.
- Íbúðabyggð / Tengsl þéttbýlis og dreifbýlis.
- Frístundarbyggð.
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- Verslun- og þjónusta.
- Samfélagsþjónusta.
- Opin svæði.
- Landbúnaðarsvæði, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum.
- Íþróttasvæði.
- Óbyggð svæði.
- Iðnaðarsvæði .
- Heimarafstöðvar- og stíflur.
- Efnistökusvæði-heimanámur. (Þetta þarf að fara yfir með Vegagerðinni) allt of margar námur skráðar.

2.2 Samgöngur og veitur

- Þróun.
- Gatnakerfi í þéttbýli.
- Stofnvegir.
- Tengivegir.

- Héraðsvegir/landvegir.
- Slóðar.
- Göngu- og hjólaleiðir (þörf á fækkun gönguleiða og hafa færri og markvissari leiðir sem eru nothæfar).
- Reiðleiðir.
- Háspennulínur (móta stefnu í samræmi við fyrirhugaða vindorkunýtingu).
- Vatnsveita (t.d. frá Svínadal).

2.3 Umhverfi

- Skógræktar- og landgræðslusvæði.
- Endurheimt votlendis.
- Flokkun sorps.
- Friðlýst svæði.
- Svæði á náttúruminjaskrá.
- Hverfisvernd.
- Fornleifaskráning.
- Vatnsvernd/Vatnsból.
- Náttúruvá.
- Verndun Breiðafjarðar.

3 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu og endurskoðun á gildandi aðalskipulagi verður m.a. horft til eftirfarandi áætlana:

3.1 Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 og nánari útfærsla á einstökum þáttum hennar

Þingsályktun um Landsskipulagsstefnu 2015-2026 var samþykkt á Alþingi í mars 2016 og liggur því í fyrsta sinn fyrir samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til sveitarfélaga. Í henni felst að mörkið er stefna um fjögur viðfangsefni, þ.e. um skipulagsmál á miðhálandinu, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Auk markmaða skipulagslaga eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar í

Landsskipulagsstefnunni:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Megináherslur hvers viðfangsefnis eru eftirfarandi:

I. Skipulag á miðhálandi Íslands.

- Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöði þess.

II. Skipulag í dreifbýli.

- Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

III. Búsetumynstur og dreifing byggðar.

- Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

IV. Skipulag á haf- og strandsvæðum.

- Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

3.2 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar var staðfest af

Skipulagsstofnun þann 5. júní 2018 en með áætlunargerðinni er sameiginleg sýn þessarra

þriggja sveitarfélaga á þróun svæðisins fest í sessi. Markmið svæðisskipulagsins er að það leiði til:

- aukinnar samvinnu sveitarfélaganna um eflingu atvinnulífs og byggðar.
- sterkari sjálfsmyndar samfélaga á svæðinu og aukinnar samheildni þeirra.
- sterkari ímyndar svæðisins og aukins aðdráttarafls gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum.
- nýrra fyrirtækja, þjónustu og vöru sem byggja á sérkennum og auðlindum svæðisins.
- aukins fjármagns til svæðisbundinna verkefna og annarra verkefna sem falla að sameiginlegri langtímasýn svæðisins í svæðisskipulaginu.

3.3 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja alþjóðasamtakanna í september árið 2015. Heimsmarkmiðin eru flokkur markmiða og undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og er ætlast til þess að þeim verði náð innan fimmtán ára (frá samþykkt markmiðanna) eða fyrir 2030. Ísland hefur að einhverju leiti, ásamt öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna innleitt markmiðin sem eru 17 talsins og 169 undirmarkmið þeirra.

4 Umhverfismat

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að framfylgja lögum um umhverfismat áætlana 105/2006. Tilgangur umhverfismats er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum áhrifum áætlunarinnar á umhverfið og stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við tillögugerðina.

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horfa skal á hvaða stefnumið það eru sem vert þykir að meta m.t.t. til umhverfisáhrifa.

Ákveða þarf hvaða umhverfispættir eru notaðir og var leiðbeiningarskjal Skipulagsstofnunar haft til hliðsjónar um val á umhverfispáttum sem og hvaða viðmið voru lögð til grundvallar á umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

5 Verkbættir

5.1 Forvinna – gagnaöflun og skipulagslýsing, auk samráðs við hagsmunaaðila

Á þessu upphafsstigi ferlisins fer fram fyrsti hluti gagnaöflunar í samráði við skipulagsfulltrúa Dalabyggðar. Gerð skal endanleg verkáætlun og sótt er um mótframlag úr Skipulagssjóði. Skipulagsforsendur eru skilgreindar á grundvelli gildandi aðalskipulags og umhverfisaðstæður metnar og felldar að stefnu skipulagsins. Grunnkort verða unnin á grundvelli gildandi aðalskipulags með áorðnum breytingum, þ.e. sveitarfélagsuppdrátt og þéttbýlisuppdrátt fyrir Búðardal.

Skipulagslýsing skal unnin þar sem m.a. tímasett verkáætlun er kunngjörð og megináherslur við skipulagsvinnuna koma fram. Á þessu stigi byrjar samráð við nefndir sveitarfélagsins um þeirra tillögur að stefnumörkun.

Halda skal íbúafund þar sem skipulagslýsing er til kynningar auk helstu áherslna sveitarstjórnar í nýju aðalskipulagi. Samráð við helstu hagsmunaaðila.

Tillaga að framtíðarstefnu sveitarfélagsins sett fram og skoðuð með tilliti til fyrirliggjandi áherslna og athugasemda/umsagna. Því næst er unnin áfangaskýrsla þar sem sett eru fram gróf drög að framtíðarstefnu sveitarfélagsins.

5.2 Fyrstu drög að stefnumörkun/skipulagstillögu

Í samræmi við stefnumörkun er unnið að framsetningu fyrstu skipulagstillögu og drög unnin að umhverfisskýrslu með greiningu og samanburði á helstu valkostum. Undir þessum lið fer fram hugmyndavinna, stefnumörkun og tillögugerð. Fyrstu drög skipulagshugmynda skulu lögð fram.

Taka skal mið af kafla 2.4 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags og 4.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

5.3 Tillaga að stefnumörkun – kynning og samþykkt í sveitarstjórn

Á þessu stigi skal skipulagstillaga vera að mestu fullunnin ásamt stefnumörkun. Skipulagsnefnd og sveitarstjórn taka tillöguna til yfirferðar fyrir kynningu. Gögn eru send til helstu umsagnaraðila auk Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Halda skal opinn íbúafund þar sem

skipulagstillagan er til kynningar fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila. Á þeim vettvangi er almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og koma ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Tillaga að nýju aðalskipulagi samþykkt í sveitarstjórn til auglýsingar.

Taka skal mið af kafla 2.5 í drögum að leiðbeiningum um gerð aðalskipulags og gr. 4.3. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

5.4 Frágangur til auglýsingar – yfirferð Skipulagsstofnunar og auglýsing tillögu

Þegar kynningu er lokið skal taka saman allar athugasemdir og umsagnir sem hafa borist vegna verkefnisins. Í kjölfarið er tillagan tekin til afgreiðslu í umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn þar sem verktaki fer yfir helstu athugasemdir og umsagnir í samráði við kjörna fulltrúa. Allar athugasemdir eru metnar á þessu stigi og tekin ákvörðun um hvort og þá hvernig bregðast skuli við breytingum á tillögunni. Þeim athugasemdum og umsögnum sem ekki er tekið tillit til verður svarað með rökstuddum hætti. Því næst samþykkir sveitarstjórn tillögu til auglýsingar. Í framhaldi af því skal leggja tillöguna fyrir Skipulagsstofnun til yfirferðar fyrir auglýsingu. Berist athugasemdir frá Skipulagsstofnun, skal tekið tillit til þeirra eða þeim svarað með rökstuðningi. Áfangaskýrslur sem unnist hafa á vinnslutíma skipulagsins skulu lagðar fram.

Vinna skal tillöguna til auglýsingar ásamt því að senda hana til umsagnaraðila. Verktaki skal vinna alla uppdætti og greinargerð fyrir auglýsingu.

Taka skal mið af kafla 2.6 og 2.7 í drögum að leiðbeiningum um gerð aðalskipulags og gr. 4.6. er varðar kynningu og auglýsingu aðalskipulagstillögu.

5.5 Lokaafgreiðsla eftir auglýsingu

Þegar auglýsingu skipulagstillögunnar er lokið skal fara yfir athugasemdir og umsagnir sem bárust við henni og í kjölfarið meta hvaða athugasemdir þarf að taka til greina. Verktaki skal vera umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn til ráðgjafar um mat á athugasemdum. Sé ekki tekið tillit til athugasemda eða umsagna skal þeim svarað með rökstuðningi.

Ef breytingar eru minniháttar er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst og gögn send Skipulagsstofnun til afgreiðslu og síðan send umhverfisráðherra til staðfestingar.

Taka skal mið af kafla 2.8 í drögum að leiðbeiningum um gerð aðalskipulags og gr. 4.7. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

5.6 Flokkun landbúnaðarlands

Gerð verður úttekt og flokkun á landbúnaðarlandi sem verði nýtt til þess að marka stefnu um nýtingu og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalagbyggða, s.s. m.t.t. skógræktar. Við úttekt verður landbúnaðarlandi skipt í fjóra flokka eftir gæðum þess til akuryrkju, m.a. út frá jarðvegsdýpt, halla lands o.fl. Markmiðið er að tryggja að besta landbúnaðarlandið verði ekki tekið til landnýtingar sem takmarkað gæti nýtingu þess til fæðuframléiðslu. Þennan verkþátt skal vinna strax í upphafi og miðað við að niðurstöðum verði skilað fyrir lok febrúar 2020.

5.7 Auðlindir

Tekið verði saman yfirlit yfir helstu auðlindir í sveitarfélaginu, sem tekur m.a. til neysluvatns og vindorku og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs, m.a. varðandi neysluvatn. Gerð verði úttekt á mögulegum vindorkusvæðum m.t.t. byggðar, ásýndar og hljóðvistar og hvort slík vinnsla sé möguleg innan sveitarfélagsins. Einnig lagt mat á áætlaða neysluvatnsþörf og mögulega nýtingu innan sveitarfélagsins.

5.8 Náttúruvá

Tekið verði saman yfirlit um náttúruvá. Gerð grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum með sérstaka áherslu á flóðahættu. Eftir atvikum verða hættusvæði afmörkum á uppdráttum.

6 Kynning og samráð

Í skipulagsreglugerð kemur fram að við aðalskipulagsgerð skuli hafa samráð við eftirfarandi stofnanir.

- Skipulagsstofnun (Form, ferli, efnistöð).
- Fornleifavernd ríkisins/Minjavernd (Upplýsingar um fornleifar og stöðu fornleifaskráningar. Skipulag á þjóðminjaverndarsvæðum eða við þau).
- Umhverfisstofnun (Skipulag á svæðum sem falla undir lög um náttúruvernd. Flokkun strandsvæða og vatnasvæða og mengunarmál. Loftgæði og hljóðvist).

- Heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit (Flokkun strandsvæða og vatnasvæða og mengunarmál. Loftgæði og hljóðvist.
- Viðkomandi hafnarstjórn og Siglingasvið Vegagerðar (Skipulag á hafnarsvæðum sbr. ákvæði hafnalaga og laga um Siglingastofnun Íslands. Snjóflóðahætta og varnir).
- Landbúnaðarráðuneytið (Landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum sbr. ákvæði jarðalaga).
- Vegagerðin (Lega þjóðvega og tengingar sbr. ákvæði vegalaga).
- Flugmálastjórn – Isavia (Skipulag flugvalla sbr. ákvæði um loftferðir).
- Kirkjugarðaráð (Skipulag kirkjugarða og nágrenni þeirra, sbr. ákvæði laga um kirkjugarða og líkbrennslu).
- Almennigur á svæðinu (Gunnupplýsingar. Framtíðarsýn, meginmarkmið og stefnumið).
- Forsvarsmenn fyrirtækja (Grunnupplýsingar. Framtíðarsýn, meginmarkið og stefnumið).
- Hagsmunasamtök á sviði atvinnulífs (Grunnupplýsingar. Framtíðarsýn, meginmarkið og stefnumið).
- Aðliggjandi sveitarfélög (Skipulag á mörkum sveitarfélaga. Stefna sem getur haft áhrif yfir sveitarfélagamörk).
- Veðurstofa Íslands (Hættumat ofanflóða. Náttúruvá).
- Skipulagsstofnun (Samráð og ferli).
- Rarik (Grunnupplýsingar. Framtíðarsýn, meginmarkið og stefnumið).
- Landsnet (Grunnupplýsingar. Framtíðarsýn, meginmarkmið og stefnumið).
- Skógrækt Ríkisins (Gróðurfar/landnotkun).
- Breiðafjarðarnefnd.
- Samgöngustofa.
- Náttúrfræðistofnun Íslands.
- Landvernd.
- Ferðamálastofa Íslands.